

Stjórnarfundur haldinn á Búgarði, fimmtudaginn 27. febrúar 2014 klukkan 20:00.

Mættir eru: Þorgerður, Þorsteinn, Kristlaug, Óskar, Einar, Edda Kamilla.

Fulltrúar frá UMFÍ: Ómar Bragi Stefánsson, Sæmundur Runólfsson og Haukur Valtýsson.

Boðuð forföll: Guðrún.

Fundur númer 734.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur.

Óskar setti fundinn klukkan 20:12.

Á fundinum sitja þrjú fulltrúar frá UMFÍ til að kynna sér starfsemi UMSE.

2. Kynning á skiptingu lottótekna og stefnumótunarvinnu.

Þorsteinn kynnti hvernig skipting lottótekna er hjá UMSE og stefnumótunarvinnuna sem verið er að vinna í.

Umræður mynduðust um jafnréttisáætlun, forvarnaráætlun og siðareglur þar sem að það er verið að vinna þetta hjá bæði UMFÍ og ÍSÍ, koma mismunandi allsstaðar frá.

Umræður um vinnuna sem verið er að fara í og það að fá stimplunina fyrirmyndarfélag en hún er gríðarlega mikil vinna en jafnframt vanti þá kannski gulrótina sem að þarf að vera til þess að hvetja félögin til að gerast fyrirmyndarfélag.

Rætt var um vinnufundinn sem haldinn var með UMSE og aðilum sveitarfélaganna og hvað kom út úr þeim fundi og jafnframt rætt um hvað kom út úr formannafundinum sem haldinn var á Dalvík í lok janúar.

3. UMFÍ.

Vilja vera í góðu samstarfi við grasrótina, samþykkt að hitta allar stjórnir sambandsaðila UMFÍ.

UMFÍ bar nokkrar spurningar upp um hvað mætti betur fara og gera í starfi UMFÍ, til dæmis í sambandi við ULM og Landsmót, inngönguna á þeim og búningamál hjá UMSE.

Haukur benti á að það væri ekki bara hlutverk UMFÍ að ýta þeim verkefnum sem eru hjá UMFÍ að UMSE heldur ætti UMSE einnig að sækja fræðslu og þau verkefni sem eru innan UMFÍ til þeirra. Hægt sé að hafa samband við skrifstofu UMFÍ og fá verkefni til sín ekki eingöngu nota heimasíðuna.

UMFÍ er með mörg og spennandi verkefni eins og Evrópu unga fólksins og Ungmenna og tólmstundabúðir á Laugum í Sælingsdal þar sem ungmenni geta sótt í, þurfa ekki endilega að vera ungmenni sem eru fremst í keppni. Ekki mikil þátttaka hér fyrir norðan.

NSU er á uppleið, hefur verið erfitt að fá ungmenni til að taka þátt.

Reyna á að koma út verkefnum til fólksins, til dæmi í kringum Unglingalandsmót og Landsmót 50+. Reyna að virkja foreldra betur þegar kemur að ungingalandsmótunum og ef að það kannski er kominn einhver hópur sem að sækir alltaf Landsmót 50+ að virkja þau í sinni heimabyggð og reyna að fá þau til að virkja aðra á sínu heimasvæði.

Starfandi er ungmennaráð innan UMFÍ sem að er að koma mjög sterkt inn.

Ungt fólk og lýðræði – styrkt af Evrópu ungarfólksins, allir borga sama gjald. Er nú á Ísafirði, er í byrjun apríl, fulltrúar UMFÍ hvetja stjórn UMSE til að athuga hvort að einhver hér á svæðinu hafi áhuga á að fara. Þar er rætt um hvernig ungt fólk getur haft áhrif í kringum sig.

Æskulýðsvettvangurinn er norrænn, haldinn einn laugardag í Reykjavík. Gert ráð fyrir 50 krökkum. Þar er notast við þjóðfundarform og rætt hvernig ungmenni geta haft áhrif og tekið þátt í stjórnsýslunni í sínu nærumhverfi.

UMFÍ er að leggja mikla áherslu á að fá ungt fólk inn í starfið og virkja þau betur. Vantar meira að fólk viti hvað það er margt í boði sem UMFÍ er að vinna að. Verið er að skoða hvort hægt sé að fækka eða samvinna einhver verkefni. Þorsteinn bendir á að það megi jafnvel hafa enn færri verkefni og gera þau mjög vel.

Vilja endilega fá ábendingar hvort sem það er frá stjórn UMSE eða aðildarfélögum um hvað mætti betur fara.

Ánægja með stefnumótunarvinnuna sem að UMSE er í.

Fulltrúar UMFÍ enda á því að þakka fyrir fundinn.

4. Næstu fundur.

Mánudaginn 3. mars klukkan 20:00.

Fundi slitið 22:12

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður